



Blátt Áfram, forvarnarverkefni

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2015

Efnisyfirlit

Um Blátt Áfram

Tilgangur.....	2
Framtíðarsýn.....	2
Áhrif félagsins.....	2
Aðferðarfræði.....	3
Erindi stjórnarformanns.....	4
Rekstraryfirlit.....	5
Fjáröflun.....	6
Landssöfnun – Vertu uppýstur.....	6
Styrkir.....	6
Reykjavíkurmaraþon	
Átaksverkefni.....	7
Fræðsla.....	7
Fræðsla til fullorðinna.....	8
Fyrirlestrar.....	8
Námskeið.....	9
Fræðsla fyrir leik- og grunnskólabörn.....	9
Teiknimynd - Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá!.....	9
Lífsleikni.....	10
Facebook.....	11
Samráð og samstarf.....	11
Erlent samstarf.....	12
Stjórn og starfsfólk.....	12
Nánar um starfsfólk.....	12

Um Blátt áfram

Tilgangur

Blátt Áfram starfar fyrst og fremst að fyrsta stigs forvörnum. Með fyrsta stigs forvörnum er átt við fræðslu til fullorðinna, fjölskyldna og samfélagsins. Í fræðslunni er hvatning til að taka nauðsynleg skref til að vernda börn gegn ofbeldi.

Við bjóðum upp á stuðning, upplýsingar og faglega ráðgjöf til að vernda börn og gera umhverfi okkar öruggara. Síðan 2004 höfum við gert grein fyrir, endurskoðað og bent á áhrifaríkar leiðir fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið til að taka þau skref sem þarf til að vernda börn frá því að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Framtíðarsýn

Að fullorðnir taki þátt í að hugsa um verndandi þætti í umhverfi barna og skapa öruggt og stöðugt samfélag ásamt góðum samskiptum fyrir öll börn. Börn eiga að vera laus við áföll af öllu tagi þegar þau vaxa úr grasi og þar á meðal kynferðisofbeldi.

Blátt Áfram var stofnað af þolendum sem áttuðu sig á mikilvægi umræðu um ofbeldi. Þær aðferðir sem voru notaðar áður dugðu skammt til að vernda börn fyrir því að verða fyrir slíku ofbeldi.

Markmiðið er að rjúfa þögnina, svo að samfélagið geri sér grein fyrir að það sé mögulegt að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi. Það er m.a. gert með því að fullorðnir beiti forvörnum til að vernda börn og noti efni og leiðir sem eru sannreyndar.

Fullorðnir vilja og geta komið í veg fyrir ofbeldi, ef þeir hafa aðgang að viðhlítandi upplýsingum, gagnlegum verkfærum, leiðsögn og stuðningi.

Samfélög er hægt að virkja með frumkvæði, meðal annars viðleitni til að takast á við margbreytileika ofbeldis sem gerist í nærumhverfi.

Áhrif félagsins

Blátt Áfram hefur haft veruleg áhrif á varanleg framlög til lýðheilsu, forvarna gegn ofbeldi á börnum og samfélagsvitund. Meðal annars eru samtökin brautryðjendur í áherslu á fullorðinsfræðslu um ábyrgð í forvörnum gegn kynferðisofbeldi á börnum á Íslandi. Þau hafa notast við gagnreyndar aðferðir og sannreynt erlent efni. Þau hafa byggt upp teymi um allt land af fagfólki í sveitarfélögum landsins sem sjá um forvarnarfræðslu í sínu starfsumhverfi, í góðu samstarfi við fagaðila sem starfa við málaflokkinn.

Aðferðarfræði

Rannsóknir á kynferðisofbeldi sýna að stór hluti ofbeldisins gerist í nærumhverfi okkar. Af fólki sem okkur þykir vænt um. Það getur verið hver sem er í fjölskyldunni eða í okkar nána umhverfi. Í rannsókn Dagbjartar Rúnar Guðmundsdóttur (bls. 14 – 17, Verndarar barna, 2012) er talað um vistfræðilíkan Bronfenbrenners þar sem lýst er að mikilvægt sé að verndandi umhverfi skapist í kringum barn en til þess að það gerist þurfi marga aðila til að koma þar að, ekki einungis fjölskyldur. Blátt Áfram hefur með fræðslu sinni ávallt haft í fyrirúmi að ábyrgð á forvörnum liggur hjá fullorðnum. Með það að leiðarljósi hefur verið nauðsynlegt að opna umræðuna um mikilvægi þess að taka ábyrgð á bæði umhverfi okkar og barnanna, en einnig þarf að átta sig á öðrum veigamiklum atriðum, t.d. hverjir eru það sem brjóta gegn börnum, af hverju sé svona flókið að horfast í augu við málaflökkinn þegar svona mál koma upp? í bók Smallbona, Mashall og Worthley um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi koma allir þessir þættir vel fram og hefur Blátt Áfram hagnýtt sér þær aðferðir og aðferðarfræði sem fjallað er um í þessari bók. Þar er einnig greint frá helstu og áreiðanlegustu forvarnarsamtökum í heiminum í dag sem Blátt Áfram hefur byggt sína aðferðarfræði á. Það er fólgið í að kynna sér staðreyndir, og hafa áhrif á reglur og aðferðir til að vernda börn frá kynferðisofbeldi (Preventing child sexual abuse, 2011). Rannsóknir inná: blattafram.is/rannsoknir/

Blátt Áfram heldur uppi forvarnar- og fræðslustarfi gegn kynferðisofbeldi á börnum.

Hér á landi hefur fræðslan til fullorðinna farið að mestu fram til starfsfólks í leik- og grunnskólum landsins. Námskeið félagsins Verndarar barna er gagnvirkt efni sem hvetur einstaklinga til að taka ábyrg skref til að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi (Dagbjört Rún Guðmundsdóttur, 2012). Fyrirlestur til foreldrar er um samskipti og fræðsla til barna eru um mörk, samskipti og einkastaði líkamans. Einnig óskar starfsfólk stofnanna eftir fræðslu fyrir unglunga og kennarar grunnskóla sjá um að sýna börnum í þriðja bekk teiknimyndina „Leyndarmálið“.

Félagið veitir ráðgjöf til stofnana, félagasamtaka og íþróttafélaga um gerð á siða- og starfsreglum til að tryggja vernd iðkenda og starfsmanna í starfi. Erlent samstarf er hluti af fræðslustarfi félagsins þar sem félagastamtök og stofnanir senda hingað til lands einstaklinga til að kynna sér starfið og fá þjálfun í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi.

Árið 2015 var ellefta starfsár félagsins en félagið var stofnað 2004 og frá 1. mars 2006 hafa samtökin verið rekin sem sjálfstætt starfandi samtök.

Erindi formanns

Því er gjarnan haldið fram að það taki heilt þorp að ala upp barn. Á sama hátt getur þurft heilt þorp til að brjóta barn niður.

Forvarnir eru og hafa ætíð verið mikilvægur hluti uppbyggingar hvers samfélags. Þær vernda börn, meðal annars, gegn slysum og þeim hættum sem að þeim steðja og oft má finna í umhverfi þeirra. Forvörn gegn erfiðri upplifun, eða vondri reynslu í æsku, er hluti mikilvægra þátta forvarna og þeirrar verndar sem gera umhverfi allra barna öruggara og betra.

Engu að síður vill það flækjast fyrir fólki að þekkja og kunna í hverju forvörn gegn ofbeldi er fólgin. Með stöðugum upplýsingum með samfélagsmiðlum, í hverju forvarnir felast, til áhugasamra einstaklinga hefur okkur miðað áfram til betra umverfis í þágu barna. Mikil tækifæri eru hér til að auka vitund allra um óæskilegt hátterni eða atferli einstaklinga í garð barna, nokkuð sem rétt er að upplýsa og stöðva. Sé það gert, má fyrirbyggja óviðeigandi snertingar eða samskipti sem fólk áttar sig ekki endilega á að séu með öllu óásættanlegar í samfélagi okkar.



Jákvæð og góð samskipti eru mikilvæg í uppeldi og umhverfi barna svo þau fái tækifæri til að þroskast og dafna á sem bestan hátt. Við fáum reglulega upplýsingar um ofbeldi og þau vondu og jafnvel óafturkræfu áhrif sem verða á börnin og umhverfið í þessum efnum. Opin umræða um áhrifin til lengri og skemmri tíma, ásamt afleiðingum þeirra, hefur verið notuð víða til að efla vitund þessa alvarlega viðfangsefnis. Breytingarnar sem umræðan er að koma til leiðar felast ekki síst í að ábyrgðinni er aflétt af þolendum og hún réttilega færð til þeirra sem hana eiga og þurfa að axla og bera. Það er áriðandi að sá sem verður fyrir ofbeldinu beri ekki byrðar ábyrgðar heldur sá sem brýtur gegn barni ásamt þeim sem vita og þekkja til þess, en með aðgerðaleyfi axla hluta hennar í garð barnsins og samfélagsins í heild.

Ábyrgðin liggur þannig hjá okkur, fólkinu sem er í kringum barnið. Veikasti hlekkurinn í samfélaginu er stundum sá sem spornað getur gegn ofbeldinu og komið þannig í veg fyrir það, sá sem nefna mætti „sjónarvott“ (bystander). Einstaklingur sem sér, horfir upp á, ef til vill grunar og heyrir jafnvel, en kýs að gera ekki neitt í málinu, er því mögulega ábyrgur „sjónarvottur“.

Hver er ávinningurinn af því að nota slíka nálgun „sjónarvotts“?

Með því er dregið úr ásökunum í garð þolenda. Spyrja má hvernig það getur gerst í samfélagi okkar? Í stað þess að spyrja hvernig við getum látið þetta koma fyrir er nær að spyrja hvernig við getum lært að segja eitthvað við því?

Það felast tækifæri í því að spyrja réttu spurninganna til að breyta samfélagslegum viðmiðum. Með brigslum sjónarvotts eru félagsleg viðmið okkar líka að breyta með nokkrum hætti. Þessu er hægt að breyta, öllum til velfarnaðar.

Við hjá Blátt Áfram vitum að með virkum forvörnum er hægt að ná marktækum árangri gegn kynferðisofbeldi á börnum. Þess vegna höfum við um árabil boðið upp á námskeiðið Verndarar barna. Markmið þess er að veita fullorðnu fólki öfluga fræðslu og markvissa þjálfun í að þekkja, fyrirbyggja, og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna með hugrekki og af ábyrgð. Við vitum um ófá tilfelli þar sem fólk sem starfar með börnum hefur getað greint óbyggjandi merki um ofbeldi og brugðist við með réttum hætti eftir að hafa sótt námskeið okkar. Niðurstaða rannsókna á efninu sýna hvernig námskeiðið eykur árvekni þeirra sem það sækja ásamt virkni í að ræða við börn um kynferðislegt ofbeldi.

Rekstraryfirlit

Reksturinn á árinu var viðunandi og mikils aðhalds var gætt í öllum útgjaldaliðum.

(* Fjárhæðir í þúsundum króna)

Lykiltölur úr ársreikningi:*	2015	2014	2013
Styrkir og tekjur af fræðslu	22.297	16.671	15.759
Rekstrarkostnaður B	17.882	23.459	11.599
Rekstrarafkoma	4.466	(6.612)	(4.664)
Eignir alls	10.495	9.018	13.194
Skuldir alls	1.171	4.139	1.703
Eigið fé	9.324	4.879	11.491

Fjáröflun

Landssöfnun - Vertu upplýstur

Sjötta árlega landssöfnun samtakanna var haldin fyrstu helgina í maí. Fólk um allt land seldi lyklakippur undir kjörorðunum *Vertu upplýstur* og safnaði fjármagni fyrir hin ýmsu félög og nýttu margir sölulaunin í ferðasjóði sína.

Nokkrar myndir úr starfi félagsins.

Landssöfnun félagsins



Reykjavíkumaraþonið



Styrkir

Styrkir í ár fengust meðal annars frá Velferðarráðuneytinu, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, CCP, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Body shop, HS Veitur, HS Orka, Actavis group og frá einstaklingum sem hlupu í Reykjavíkumaraþoninu.

Fjöldi einstaklinga styður einnig við félagið með mánaðarlegum framlögum og nefnast því Verndarar Blátt Áfram.

Átaksverkefni

Apríl er alþjóðlegur forvarnarmánuður gegn ofbeldi á börnum. Af því tilefni hefur Blátt Áfram lagt sig fram um að vera sýnileg í fjölmiðlum og vekja athygli á því samfélagsmeini sem kynferðisofbeldi á börnum er sem og mikilvægi forvarna í baráttunni gegn þessari tegund ofbeldis.

Því miður þurfa börn, unglingar og fullorðnir einstaklingar ósjaldan að segja frá í fleiri en eitt skipti áður en þeim er trúað eða brugðist er við. Í ár var sérstaklega valið að vekja fólk til umhugsunar um hvort og þá hvernig það myndi bregðast við ef barn tryði því fyrir ofbeldi sem það verður eða hefur orðið fyrir. Það eru enda fæstir undir það búnir að til þeirra sé leitað.

Auglýsingar frá félaginu birtust í fjölmiðlum og í Strætó



Fræðsla

Á árinu 2015 hlutu um 2.959 manns fræðslu á vegum Blátt Áfram.

- 198 fullorðnir gerðust Verndarar barna.
- 612 unglingar fengu lífsleiknifræðslu.
- 2149 börn í 62 skólum sáu teiknimyndina Leyndarmálið.

Auk þessa sjá starfsmenn á vegum hinna ýmsu sveitafélaga um fræðslu fyrir fólk sitt og er það ekki í þessum tölum. Er það mjög ánægjuleg þróun að sveitafélögin taki ábyrgð á þessari fræðslu.

Fræðsla til fullorðinna

Fullorðnir bera ábyrgð á börnum og hafa samtökin því lagt mest upp úr því að fræða þá. Fræðslan fer aðallega fram í leik- og grunnskólum í formi fyrirlestra og námskeiðs.



Fyrirlestur

Fyrirlesturinn er kynning og fræðsla um tíðni kynferðislegs ofbeldis en samkvæmt íslenskri rannsókn sem gerð var árin 2000-2001 með slembiúrtaki úr þjóðskrá verða um 17% barna fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.¹ Í fyrirlestrinum er varpað fram hugmyndum að leiðum til að efla samskipti foreldra og barna um viðkvæma og jafnvel vandræðalega hluti. Umræða um forvarnir við forelda er bæði mikilvæg og nauðsynleg. Hún auðveldar þeim að ræða opinskátt við börnin um líkama þeirra, hvar eðlilegt sé að draga mörkin og hvaða hlutar líkamans eru „einkastaðir“ hvers og eins.

Fyrirlesturinn er ætlaður foreldrum og öðru fullorðnu fólki, sem vinna með og/eða bera ábyrgð á börnum og unglingum.

Erindið fjallar um greinamun á fyrirbyggjandi aðferðum og leiðbeiningum eftir að ofbeldið hefur átt sér stað. *Fyrsta stigs forvarnir*, möguleika til að draga verulega úr kynferðisofbeldi. *Annars stigs forvarnir*, aðferðir til að stuðla að öruggara umhverfi (vinnustað) fyrir fullorðna, börn og ungumenni.

Forvarnarfræðsla fyrir fullorðna sem starfa með börnum og unglingum.

„Ég mæli allveg háklausu með námskeiðinu, ætíð að vera skylda. Frábært að koma á námskeiðið, mjög fræðandi og góður vettvangur fyrir að bera saman bækur sínar og fá skýr svör.“
Guðný Arna Beck, deildarstjóri í leikskólanum Rauðhóla



Námskeiðið
VERNDARAR BARN
Námskeiðið Verndarar barna er fræðsla í forvörnum og viðbrögðum við kynferðislegri misnotkun á börnum. Markmiðið er að veita fullorðnu fólki ófluga fræðslu og markvissa þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun barna af festu og ábyrgð.
Skráning: blattfram@blattfram.is
Frækari upplýsingar um námskeiðið Verndarar barna má finna á heimasíðu okkar: www.blattfram.is



Starfsfólk vinnuskólans í Kópavogi situr námskeiðið Verndarar barna

¹ Hrefna Ólafsdóttir (2010). Faraldsfræði kynferðislegrar misnotkunar gegn börnum. Í (ritstj.) Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Kynferðisofbeldi gegn börnum. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Námskeið

Blátt Áfram kom á fót námskeiði sem nefnist *Verndarar barna* fyrir foreldra, kennara og starfsfólk leik- og grunnskóla. Efnið kemur frá grasrótarsamtökunum „Darkness 2 light“ í Bandaríkjunum.

Námskeiðið er gagnvirkt og felst í þeirri þjálfun að horfast í augu við vandann, vera á varðbergi og bregðast við vanlíðan barns. Erlendar rannsóknir hafa verið gerðar á efninu og íslenskar rannsóknir (sjá rannsókn Dagbjartar R. Guðmundsdóttur) styðja við niðurstöður þeirra.

Síðan 2006 hefur Blátt Áfram notað námsefni (Verndarar Barna) frá Bandaríkjunum með góðum árangri. Tæplega sjö þúsund einstaklingar hafa hlotið þjálfun og tekið ábyrgð á verndun barna. Leiðbeinendur fræðslunnar eru fagfólk eins og sálfræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar og leik- og grunnskóla kennarar. Einnig hafa sveitafélög tekið fræðsluna upp á sína eigin arma og sjá alfarið um að sinna þeirri fræðslu í sínu bæjarfélagi. Námskeiðið reynist starfsfólki og kennurum í leik- og grunnskólum sérstaklega vel.

Nýtt fræðsluefni félagsins er enn í mótun og er verkefnið langt komið. Undirtektir eru góðar hjá þeim sérfræðingum, sálfræðingum, læknum og félagsráðgjöfum sem leitað hefur verið til. Efnið felst í vinnubók og vönduðum fræðsluþáttum, þar sem fjallað er um þessi mál frá öllum hliðum. Í þeim eru viðtöl við þolendur, sálfræðinga, lögfræðing, lögreglu, prest og fleiri. Verkefnisstjóri er Sölvi Tryggvason sem hefur umsjón með upptökum og gerð myndefnis.

Fræðsla fyrir leik- og grunnskólabörn

Þrátt fyrir að fullorðnir beri ábyrgð á að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi telja samtökin Blátt Áfram einnig mikilvægt að fræða börn og ungmenni í gegnum skólastarfið. Fræðslan er ávallt sniðin að þeim aldurshópi sem hún beinist að hverju sinni. Skólar sem hafa fengið fræðslu fyrir starfsfólk sitt, kalla eftir fræðslu fyrir börn og ungmenni.

Teiknimynd - Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá!

Teiknimyndin *Leyndarmálið – segjum nei, segjum frá!* er fyrsta verkefni samtakanna Réttindi barna. Verkefnið hefur frá byrjun hlotið jákvæð viðbrögð frá fagaðilum, yfirvöldum, skólastjórum, foreldrum og almenningi. Verkefnið er fjármagnað með styrkjum og hafa ótalmargir gefið vinnu sína í þágu málefnsins. Leyndarmálið hefur verið tekin til sýninga árlega fyrir flest börn í 3. bekk grunnskóla.



Verkefnið nálgast forvarnarfræðslu um kynferðislega misnotkun gegn börnum á nýjan hátt.

Teiknimyndin, ásamt stuðningsefni sem henni fylgir, var send í alla skóla landsins vorið 2011, þeim að kostnaðarlausu. Blátt Áfram sá um gerð fræðsluefnis fyrir kennara og hýsir teiknimyndina á vefsíðu félagsins. Könnun var send til skólanna eftir sýninguna og voru kennarar mjög ánægðir og töldu sig hafa betra verkfæri til að fræða börn og aðstoða þau betur ef ofbeldistilfelli kæmu upp.

Ekki virðast allir skólar nýta sér þetta fræðsluefni sem þeim stendur til boða að kostnaðarlausu, 2149 börn í 62 skólum sáu teiknimyndina og fengu bókamerki frá Blátt Áfram. Ekki fengust viðbrögð frá 113 skólum, 90% af þeim eru í Reykjavík, sem þáðu ekki bókamerki og því ekki vitað hvort að fræðslan hafi átt sér stað.

Lífsleikni

Samtökin Blátt Áfram bjóða upp á sérstaka fræðslu í lífsleikni fyrir unglunga í 7.-10. bekk. Margir þeirra hafa lent í erfiðleikum og/eða aðstæðum sem þeir vita ekki hvernig þeir eiga að bregðast við eða hvar hjálp er að finna.

Í þessum tímum er rætt við unglingana um líkama þeirra, samskipti við aðra og þau mörk sem þau mega setja, neyslu og nauðgun. Rætt er um samfélagið vítt og breitt og hvað beri að varast. Þau fá fræðslu um falið ofbeldi, eins og þegar einhver nuddar sér upp við mann og segir það hafa verið óvart, óvænta snertingu eða snertingu sem hefst með kitli eða klóri á baki og þess háttar.

Nauðsynlegt er að segja ungmennum frá hættunni á að einhver gæti reynt að fá þau til að gera eitthvað sem þeim finnst óþægilegt, reynt að tæla þau með gjöfum, svo sem peningum eða hrósi, einhver horfi óþægilega á þau, snerti þau eða biðji þau að snerta sig. Þá er þeim bent á að þeir sem beita slíku ofbeldi komi oftast úr þeirra nánasta umhverfi, séu jafnvel einhverjir sem þau þekkja vel. Þá er hnykkt á að ofbeldi sé aldrei þeim að kenna. Meðalaldur geranda er um 27 ár og því oft á tíðum um mikinn mun á þroska og lífsreynslu að ræða milli geranda og þolenda². Rætt er um að kynferðislegt ofbeldi geti átt sér stað milli systkina eða unglunga á svipuðu reki. Talið er að það sé fimm sinnum líklegra að kynferðislegt ofbeldi eigi sér stað á milli systkina en af hálfu föður.³

Spurningar eru lagðar fyrir nemendur í lok hvers tíma sem þau svara og skila. Einnig er þeim gefin kostur á að spyrja spurninga skriflega. Fyrirlesari og kennari eða annar starfsmaður skólans fer yfir svör þeirra og spurningar og vinnur með það eins og þurfa þykir. Hér koma dæmi um spurningar sem

² Darkness 2 light, Verndarar barna (2006)

³ Levine og Kleine (2008), bls. 147.

brenna á unglingum: Hvað á maður að gera ef engin trúir manni? Hvernig er best að bregðast við því ef einhver segir manni? Hvað gerist eftir þetta allt, ef að aðili segir frá?

Facebook

Um 17.000 manns fylgjast með fræðslu og ráðum til foreldra á Facebook síðu félagsins.

Ábendingar á Facebook

Ertu betur undir það búin/n eftir námskeiðið Verndarar barna, að takast á við kynferðislegt ofbeldi í þínu umhverfi?

- ^ Já, eykur sjálftraust mitt í að tilkynna grun og athuga betur líðan barnsins. *Bára Braga, hjúkunarfræðingur.*
- ^ Já, veit betur eftir hverju á að leita og hvernig á að orða hlutina. *Sofn Ísaksdóttir, leikskólaláti.*
- ^ Já, mun fylgjast betur með og ræða meira opinskátt um málefnið. *Hrafnhildur Hlin Hjartardóttir, leikskólaeðbeinandi.*



Ef þú hræðist það að tala um kynferðislegt ofbeldi á börnum **áður** en það gerist, gætir þú þurft að tala um það **eftir** að það gerist.

Byrjaðu að tala um það, fyrr heldur en síðar!
Forvarnarfræðsla hjá blattafram.is



Samráð og samstarf

Endurnýjaður samstarfssamningur Blátt Áfram og Hafnarfjarðar um námskeiðinu Verndarar barna, fyrir starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar sem starfa með börnum og unglingum.

Þetta samstarfsverkefni hefur staðið í sex ár og hafa nú þegar um 800 starfsmenn af 1000 setið námskeiðið. Fulltrúi Blátt Áfram, fulltrúi fræðsluskrifstofu og fulltrúar Fjölskylduþjónustunnar hittast minnst einu sinni á ári og meta hvernig fræðslan gengur og meta stöðu verkefnisins.



Félagið fékk styrk frá forvarnarsjóði Kópavogs til að fræða leiðbeinendur í félagsmiðstöðvum í að halda utan um stelpuhópa.

Blátt Áfram hlaut fimm hundruð þúsund króna styrk frá Forvarnarsjóði Kópavogs, fyrir Bella net fræðslu, verkefni fyrir stúlkna hópa. Bella net fræðslan styrkir sjálfsmýnd stúlkna. Þjálfaðir verða leiðbeinendur í félagsmiðstöðvum Kópavogs

sem halda utan um slíka stúlkna hópa. Í nýjustu skýrslu frá Rannsókn og greiningu um heilsu og líðan ungs fólks, kemur fram að stúlkur í 9. og 10. bekk telja andlega heilsu sína lakari nú (72%) en árið 2012 (78%).

Erlent samstarf

Erlendir aðilar heimsækja félagið árlega til að kynnst starfinu og fá ráðgjöf um mikilvægi forvarna. Frjáls félagasamtök frá Ungverjalandi heimsóttu félagið í september og frá Búlgaríu í október.



Slóvakía – júní 2015,



Ungverjaland – september 2015



Búlgaría – október 2015

Stjórn og starfsfólk

Stjórn félagsins skipa; Sigríður Björnsdóttir formaður, Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir félagsráðgjafi, verkefnastjóri PMT og SMT, varaformaður, Sigfríður Sigurðardóttir skrifstofustjóri, ritari, Oddur Pétursson verslunareigandi, gjaldkeri og Sigríður Sigurjónsdóttir Msc í sálfræði. Varamenn í stjórn eru Elísabet Guðmundsdóttir félagsráðgjafi, starfsmannastjóri og Atli Sigurðarson.

Nánar um starfsfólk



Sigríður Björnsdóttir, fædd 1966, framkvæmdastjóri samtakanna, er annar stofnandi Blátt Áfram og hefur starfað hjá samtökunum í fullu starfi síðan þau urðu sjálfstæð 2006. Hún hefur starfað við fræðslu hjá félaginu síðan 2004. Sigríður er með BA í sálfræði, er markþjálfari og með diplóma frá EHI í mannauðsstjórnun. Hún hefur haldið fjölda námskeiða og fyrirlestra fyrir fullorðna og unglunga. Einnig veitir Sigríður félögum og stofnunum sem starfa með börnum og unglungum leiðsögn er varða verklagsreglur sem stuðla að

auknu öryggi barna. Ásamt því að veita ráðgjöf og svara fyrirspurnum um málefni sem snúa að forvörnum og verndun barna. Hún flutti erindi og stýrði vinnuhópum í samstarfi við Vitundarvakningu ríkisstjórnarinnar haustið 2012. Í tengslum við starf sitt er hún í samskiptum við innlenda og erlenda aðila og fer hún reglulega erlendis með erindi um forvarnir til annarra þjóða sem hafa sýnt verkefninu áhuga, m.a Finnlandi, Svíþjóð, Lettlandi, Ungverjalandi, Grænlandi og USA.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, fædd 1963, er leikskólakennari, ART-þjálfari og leiðsögumaður. Guðrún tók leiðbeinendanámskeiðið Verndarar barna vorið 2009 og leiddi námskeið, aðallega í Vestmannaeyjum á vegum Vestmannaeyjabæjar, en einnig víðar um land á vegum Blátt Áfram. Hún hóf einnig fljótlega að flytja fyrirlestra, kenna lífsleikni í grunnskólum og leiða BellaNet námskeið.

Haustið 2013 hóf hún hlutastarf á skrifstofu samtakanna. Áður en hún hóf það starf hafði hún starfað sem leikskólastjóri, leikskólafulltrúi, kennari við símenntunarstöðina Visku í Vestmannaeyjum, ART-þjálfun og leitt uppeldisnámskeiðið Færni til framtíðar. Helstu viðfangsefni Guðrúnar hjá Blátt Áfram eru að halda utan um alla fræðslu, kynna fræðsluna meðal skóla, foreldrafélaga og félagasamtaka og fylgja henni eftir. Samskipti við hina ýmsu innlenda og erlenda samstarfsaðila er einnig drjúgur þáttur í starfinu. Hefur hún flutt erindi um samtökin í Riga í Lettlandi og komið að fræðslu og kynningu í Búdapest í Ungverjalandi. Hún veitir ráðgjöf og svarar fyrirspurnum um hvaðeina sem berst inn á borð samtakanna. Ásamt Sigríði, sér hún um leiðbeinendanámskeið Verndara barna, bæði fyrir innlenda og erlenda leiðbeinendur. Guðrún vinnur að gerð námsefnis, skrifar greinar, stefnumótun og framtíðarsýn samtakanna.

Auk áður nefndra verkefna sinnir hún öllum almennum skrifstofustörfum s.s. símaörslu, móttöku gesta og annarra, bókhald ofl.

Ennfremur hafa samtökin komið sér upp neti leiðbeinenda sem sinna forvarnarfræðslu á vegum Blátt Áfram. Leiðbeinendur sem starfa á vegum félagsins eru fagmenntaðir einstaklingar t.d. sálfræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar, prestar, leikskóla- og grunnskólakennarar.

Samtökin Blátt Áfram þakka öllum þeim einstaklingum, fyrirtækjum og ráðuneytum sem veittu þeim styrki á árinu. Samtökin Blátt Áfram eru rekin með styrkjum og frjálssu framlögum.

Reykjavík, 30. júní 2016.

Stjórn Blátt Áfram,

Sigríður Björnsdóttir formaður

Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir varaformaður

Oddur Pétursson gjaldkeri

Sigfríður Sigurðardóttir ritari

Sigríður Sigurjónsdóttir meðstjórnandi

Elísabet Guðmundsdóttir varamaður

Atli Sigurðarson varamaður